

Samantekt til að undirbúa umræður um lýðræðismál á aðalfundum landshlutasamtaka sveitarfélaga haustið 2009

I Persónukosningar til sveitarstjórnar

Dómsmálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvörp til breytinga á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um sveitarstjórnarkosningar. Í frumvörpunum felst að kjósendum er falið aukið vald við val þeirra einstaklinga sem fá umboð þeirra til setu á Alþingi og í sveitarstjórnnum. Gert er ráð fyrir að kosið verði eftir nýjum reglum í sveitarstjórnarkosningum vorið 2010. Samkvæmt frumvörpunum munu kjósendur ráða vali frambjóðenda í öll þing- og sveitarstjórnarsæti og einnig í varamannasæti.

Persónukjörskerfið byggist á óröðuðum framboðslistum og forgangsröðun af hálfu kjósenda á frambjóðendum til persónukjörs á þeim lista sem hann kys. Athöfn kjósendans er einföld og byggist á talnaröðun frambjóðenda með sama hætti og tíðkast í prófkjörum og möguleg er samkvæmt nógildandi kosningafyrirkomulagi. Kjósandi merkir með tölustöfum, 1, 2, 3 o.s.frv., við frambjóðendur listans til persónukjörs og má hann tölusetja jafn marga þessara frambjóðenda og hann kys. Röðunin lýsir því í hvaða forgangsröð kjósendinn vill að atkvæði hans nýtist í persónukjörinu. Tölustafinn 1 skal kjósendinn setja framan við nafn þess sem hann vill helst að nái kjöri, helst 1. sæti en ef ekki það þá það sem er næst laust. Töluna 2 setur hann við þann sem hann vill að komi næstur til álita, o.s.frv.

Gert er ráð fyrir að við talningu atkvæða í persónukjörinu verði beitt aðferð sem nefnd hefur verið forgangsröðunaraðferð. Aðferðin hefur ekki verið notuð hérlandis áður en henni er beitt allvíða erlendis, t.d. hefur henni lengi verið beitt á Írlandi. Talning atkvæða í persónukjörinu er þannig útfærð að lesið er í vilja kjósenda til hins ýtrasta. Fáir frambjóðandi sem kjósendi hefur raðað númer 1 ekki nægjanlegan fjölda atkvæða til að ná kjöri er litið á aðrar óskir kjósendans um skipan í sæti listans. Sama gerist ef kjósendinn styður mann sem nýtur mikils fylgis. Fáir slíkur frambjóðandi fleiri atkvæði en hann þarf til að ná kjöri er horft til þess hvaða aðra frambjóðendur kjósendur hans vildu styðja. Kúfurinn, þ.e. umframmatkvæði frambjóðandans, eru þá færð til hinna í réttum hlutföllum. Kjósendur munu eftir sem áður kjósa tiltekinn lista og hefur persónukjörin einungis áhrif á það hvaða frambjóðendur hreppa þau sæti sem listinn fær í viðkomandi kjördæmi eða sveitarstjórn.

II Tillögur lýðræðishóps sambandsins um siðareglur og siðanefnd

Lýðræðishópurinn mælir með því að í lögum verði kveðið á um meginatriði og tilgang siðareglna sveitarfélaga og að ráðuneyti sveitarstjórnarmála staðfesti siðareglur þeirra á sama hátt og samþykktir um stjórn og fundarsköp sveitarfélaga til að tryggja að siðareglur séu í samræmi við ákvæði laga. Mælt er með því að ábyrgð vegna brota á siðareglum verði eingöngu pólitísk en ekki lagaleg. Ef mál er alvarlegt og hefur valdið sveitarfélagi eða almenningi skaða sé þó eðlilegt að sveitarstjórn vísi máli til opinberrar rannsóknar.

Sérstök siðanefnd fyrir sveitarstjórnarstigið verði sett á laggirnar á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hún kveði upp leiðbeinandi álit í ágreiningsmálum. Nánar verði kveðið á um stöðu hennar og hlutverk í sveitarstjórnarlögum.

Lýðræðishópurinn mælir með því að skilyrði um kjörgengi, sbr. 3. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, og hæfi, sbr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, verði endurskoðuð í tengslum við fyrirhugaða endurskoðun sveitarstjórnarlaga til að skerpa á ábyrgð sveitarstjórnarmanna gagnvart íbúum.

III Önnur lýðræðisnámali.

- Sveitarstjórnarmenn standa frammi fyrir því úrlausnarefni hvernig sveitarstjórnarstigið getur brugðist við því áfalli sem fulltrúalýðræðið varð fyrir í bankahruninu 2008.
- Hvernig er hægt að auka traust og trúnað milli kjörinna fulltrúa á sveitarstjórnarstigi og íbúa og styrkja tengsl?
- Hvaða nýju lýðræðisleiðir geta komið að gagni í því umhverfi sem er í íslenskum sveitarfélögum í dag? Dæmi um nýjar leiðir eru¹:
 - almennar atkvæðagreiðslur
 - bein kosning bæjarstjóra – þingræði
 - borgaratillögur
 - fjölgun fulltrúa í sveitarstjórnnum
 - íbúafulltrúar í nefndir og ráð sveitarfélaga
 - rafrænt lýðræði
 - aðgerðir til að ná til minna virkra hópa
 - aðrar aðferðir?
- Sveitarstjórnarmenn þurfa líka að íhuga hvernig sé best að innleiða lýðræðisnámali:
 - Með lögum þannig að þær komi til framkvæmda í öllum sveitarfélögum á sama tíma og með sama hætti?
 - Á sveitarfélögum að vera í sjálfsvald sett hvort þau innleiði breytingar eða ekki?
 - Á að gera tilraunir og leggja mat á reynsluna áður en ráðist er í almennar breytingar?

¹ Sjá nánar mbl. Gunnars Helga Kristinssonar prófessors á www.samband.is.

Almennar atkvæðagreiðslur

104. gr. svstjl.

GHK telur tilfallandi almennar atkvæðagreiðslur hafa verulega ókosti.

Æskilegt að minnihluti eða ákveðinn fjöldi íbúa hafi frumkvæði.

Aðkoma íbúa getur verið tvenns konar. Annars vegar sé þeim fært vald til að knýja fram atkvæðagreiðslu um tiltekna samþykktir sveitarstjórar (bindandi niðurstaða) og hins vegar má gefa þeim vald til að hafa frumkvæði að almennri atkvæðagreiðslu um tiltekið mál (getur verið hvort sem er bindandi eða ráðgefandi).

Purfa að byggjast á skýrum lagaheimildum að mati GHK.

Bein kosning bæjarstjóra – þingræði

Síðareglur

Borgaratillögur

Fulltrúafjöldi í sveitarstjórnnum

Hlutfall sveitarstjórnarmanna á íbúa er mun hagstæðara í minni sveitarfélögum en hinum stærri. Hlutfallinu hefur hnignað á undanfögnu árum með sameiningu og stækkun sveitarfélaga.

Stuðlar að einokun hefðbundinna stjórn málafla á pólitísku valdi (erfiðara fyrir nýja flokka að komast að) og hygla stærri flokkum á kostnað þeirra minni. Gera mögulegt að mynda eins flokks meirihluta sem byggir á minnihluta kjósenda.

Íbúafulltrúar

Hvernig á að velja þessa fulltrúa og hver eiga áhrif þeirra að vera?

Lýðræðisstefna

Rafrænt lýðræði

Virkja minna virka hópa

Notkun sérstakra aðferða